

## Móttaka á Þórunni Þórðardóttur, HF300

Kæra starfsfólk Hafrannsóknastofnunar, ráðherrar og aðrir góðir gestir,

Það er einstaklega ánægjulegt að standa með ykkur hér í dag og njóta þeirra forréttinda sem atvinnuvegaráðherra að afhenda Hafrannsóknastofnun nýtt og vel útbúið hafrannsóknaskip, Þórunni Þórðardóttur HF 300.

Heimahöfn skipsins er hér í Hafnarfirði, rótgrónum útgerðarstað og heimabæ Hafrannsóknastofnunar sem er miðstöð rannsókna og þekkingar á hafinu í kringum Ísland.

Við Íslendingar njótum þess að búa við einstaklega gjöful fiskimið. Nýting á þessari auðlind hefur verið grundvöllur aukinnar hagsældar hér á landi. Árleg veiði á Íslandsströndum er í dag frá einni til einnar og hálftrar milljóna tonna eða sem nemur 2,5 tonnum á hvern landsmann. Úr þessari veiði eru svo sköpuð útflutningsverðmæti sem nema um 350 milljörðum á hverju ári og teljum við þá ekki með hliðarafurðir.

Þessi verðmætasköpun hvílir á sjálfbærri nýtingu fiskistofna, en hún byggir svo aftur á traustum og vönduðum rannsóknum.

Með öflugum rannsóknum getum við tryggt að ákvarðanir sem varða nýtingu auðlinda hafsins verði teknar á traustum vísindalegum grunni. Slíkar ákvarðanir eru ekki aðeins nauðsynlegar fyrir efnahagslega velferð þjóðarinnar, heldur einnig fyrir verndun líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbærni auðlindanna til framtíðar.

Í þessu samhengi gegnir Hafrannsóknastofnun lykilhlutverki, þar sem þekking og ráðgjöf stofnunarinnar er grundvallarforsenda þess að við náum markmiðum okkar um sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins.

Til þess að Hafrannsóknastofnun geti sinnt þessu hlutverki með skilvirkum hætti þarf hún að hafa yfir að ráða vönduðum tækjum og góðri aðstöðu. Skipafloti stofnunarinnar er hornsteinn í starfsemi hennar og því hefur verið augljóst um nokkurt skeið að nauðsynlegt væri að fjárfesta í nýju, fullkomnu hafrannsóknarskipi.

Það eru komin sjö ár síðan Alþingi samþykkti árið 2018 ályktun um kaup á nýju hafrannsóknarskipi. Ákvörðunin var tekin á hátíðarfundi á Þingvöllum en um var að ræða sameiginlega tillögu formanna allra flokka á þingi. Þetta er því sannarlega skip okkar allra.

Í kjölfar þessarar mikilvægu ákvörðunar hófst umfangsmikil vinna við undirbúning, hönnun og smíði skipsins. Samstarf starfshóps við skipasmíðastöðina Armon, sem er staðsett í Vígo á Spáni, hefur í alla staði gengið einstaklega vel og hvergi fallið skuggi þar á.

Þremur árum eftir að samningar um smíði skipsins voru undirritaðir er það hér komið og verður nú afhent Hafrannsóknastofnun til rekstrar.

Til marks um þetta góða samstarf þá hefur verkefnið haldist innan þeirra fjárheimilda sem því voru ætlaðar í upphafi sem er góður vitnisburður um gott skipulag, agaða framkvæmd og virðingu sem smíðanefnd og samstarfsaðilar hafa sýnt gagnvart þeim fjármunum sem Alþingi fól þeim til verkefnisins.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka þeim fjölmörgu aðilum sem hafa lagt sitt af mörkum við þetta verkefni. Starfsfólk Hafrannsóknastofnunar og Skipasýnar, Ríkiskaup, ásamt skipasmíðastöðinni Armon eiga öll miklar þakkir skildar fyrir faglega, nákvæma og ötula vinnu.

Þá ber einnig að þakka þeirri smíðanefnd og síðar verkefnastjórn sem skipuð var til að tryggja góða og skilvirka framkvæmd verkefnisins frá upphafi til enda.

Nafnið á nýja skipinu er Þórunn Þórðardóttir HF-300 og er það eftir Þórunni Þórðardóttur (1925-2007) sem var fyrsta konan sem starfaði við og var menntuð á sviði hafrannsóknna á Íslandi.

Þórunn var fyrst íslenskra kvenna til að verða sérfræðingur á sínu sviði í hafrannsóknnum. Hún vann við sitt sérsvið allan sinn starfsaldur hjá stofnuninni, lengst af sem deildarstjóri á þörungadeild en hennar helsta framlag til vísinda voru rannsóknir á heildarfrumframleiðni svifþörunga á Íslandsmiðum.

Matvælaráðuneytið, sem innan skamms verður atvinnuvegaráðuneytið, hefur það markmið að efla samkeppnishæfni helstu útflutningsgreina landsins með sjálfbærni að leiðarljósi.

Nýja rannsóknaskipið mun vera öflugt tæki í þágu þessara mikilvægu markmiða og mun án efa skapa ný og spennandi tækifæri í hafrannsóknnum fyrir Ísland.

Ég óska Hafrannsóknastofnun hjartanlega til hamingju með hið nýja skip, Þórunni Þórðardóttur HF300, og óska öllum þeim sem munu vinna um borð í skipinu góðs gengis og heilla í störfum sínum um ókomin ár.

Áður en við njótum tónlistar hins eina sanna KK og gestum verður hleypt um borð í skipið langar mig til að bjóða velkomna sr. Laufeyju Brá Jónsdóttur, prest í Setbergsprestakalli á Snæfellsnesi sem ætlar að blessa skipið. Það er gaman að geta þess að sr. Laufey er einnig þvottekta Hafnfirðingur, Gaflari af guðs náð.

Hanna Katrín Friðriksson, atvinnuvegaráðherra.